

JARÐLAGAGREINING.

Hola 1	Klausturhólum
"	Ósabakka
"	Birtingaholti
"	Syðra-Langholti
"	Auðsholti
"	Kópsvatni
"	Reykjadal

Margrét Kjartansdóttir

Hrefna Kristmannsdóttir

JARÐLAGAGREINING.

Hola 1	Klausturhólum
"	Ósabakka
"	Birtingaholti
"	Syðra-Langholti
"	Auðsholti
"	Kópsvatni
"	Reykjadal

Margrét Kjartansdóttir

Hrefna Kristmannsdóttir

Efnisyfirlit.

Klausturhólar Grímsneshreppi, hola 1.

Borun	1
jarðlög	1
ummyndun berggrunns (HK).....	5
dreifing ummyndunarsteinda	6
jarðlagasnið.....	7

Ósabakki Skeiðahreppi, hola 1.

Borun	9
jarðlög	9
jarðlagasnið	11

Birtingaholt Hrunamannahreppi, hola 1.

Borun	12
jarðlög	12
jarðlagasnið	17

Syðra-Langholt Hrunamannahreppi, hola 1.

Borun	18
jarðlög	18
jarðlagasnið	21

Auðsholt Biskupstungnahreppi, hola 1.

Borun	22
jarðlög	22
jarðlagasnið	24

Kópsvatn Hrunamannahreppi, hola 1.

Borun	25
jarðlög	25
jarðlagasnið	27

Reykjadalur Hrunamannahreppi, hola 1.

Borun	28
jarðlög	28
jarðlagasnið	32

Klausturhólar, Grímsneshreppi, Hóla 1.

Borun

Borun hófst 27. febrúar 1978 og lauk 19. mars sama ár. Holan var boruð með 200 mm krónu frá 37 m í botn á 1096 m dýpi. Fóðring nær í 36 m. Rennsli upp úr holunni mældist ca. 1 l/s á 88 m dýpi, en var hætt á 256 m dýpi. Í lokin var reynt að pakka en það mistókst hins vegar var holan loftdæld.

Jarólög

36-46 m. Mest megnis fínkornótt basalt, erfitt er að sjá basaltið vegna þess hve mikil steypa er utan á kornunum. Ekki er mikið af útfellingum, en pýrít sést þó af og til.

46-84 m. Nokkuð grófkorna leirfyllt dökkt basalt, líklegast ólivín basalt. Á 46, 60 og 80 m dýpi er oxað berg og örfáir rauðir millilagsmolar. Útfellingar eru helstar kalsít og heulandít.

84-104 m. Mest megnis ólivín basalt einnig er mikið af breksíulegum molum og útfellingum. Greint sem basaltbreksía.

104-118 m. Móbergsbreksía eða túffríkt set, neðri helmingur lagsins er mjög dökkur. Stilbít finnst í þessu lagi.

118-168 m. Basalt talsvert ummyndað, mikill hluti þess er meðalgrófur, en einnig er mikið af fínkristölluðu basalti. Lítið er af holufyllingum en pýrít sést af og til. Meðalgrófa basaltið er einkum í neðri hluta lagsins.

168-178 m. Basalt nokkuð fersklegt meðalgróft-fínkornótt, efst er það rauðoxað.

Þunnsneið nr. 7624, 174 m dýpi. Misummyndað fremur fínkornótt basalt. Nokkrir stórir plagióklasdílur sjást. Kalsít og brúnn leir eru helstu ummyndunarsteindir. Örfá brotkorn eru úr basalti með ofitískan textúr og nokkuð stóra pyroxen kristalla.

178-234 m. Svarfið er að mestu úr rauðum og ljósgrænum móbergsmolum og ljósum útfellingarmolum. Greint sem túffríkt set.

Þunnsneið nr. 7625, 220 m dýpi. Ummyndað blöðrótt gler víða eru holur glersins fylltar af leir, kvarsi, kalsíti, heulandíti og þráðóttum zeólítum, talsvert mikið er af analsími. Í nokkrum glermolum eru meðalgróf basaltbrot.

234-288 m. Mjög svipað svarf og í laginu fyrir ofan nema öllu meira er af basalti og oxuðu brotkornin eru horfin. Greint sem basaltbreksía. Þunnsneið nr. 7626, 272 m dýpi. Mikið er af bergi sem virðist hafa verið mjög glerkennt, en er nú ummyndað og einungis plagíóklaslistar eftir. Mikið er af holufyllingum einkum leir, kalsíti, kvarsi og laumontíti. Örfá ferskleg basaltbrotkorn eru í sneiðinni.

288-300 m. Áberandi ljós móbergsbreksía og pýrítrík, einnig er töluvert af ljósum útfellingum.

300-312 m. Samskonar svarf og er á 234-288 m dýpi. Í neðstu m hilsins er oxun og rauðleit setbrotkorn.

312-405 m. Grænleit nokkuð dökk móbergsbreksía, einnig er pýrít til staðar.

Þunnsneið nr. 7627, 352 m dýpi. Mest skýjuð hálfógegnsæ brotkorn af móbergsuppruna. Mikið er af holufyllingum svo sem kalsíti, kvarsi, preníti, leir og zeólítum einkum laumontíti, skólesíti og analsím/wairakite.

405-410 m. Fínkristallað og ummyndað basalt, lagið er ekki mjög glögg.

410-550 m. Samskonar móbergsbreksía og er á 312-405 m dýpi. Efstu 8 m móbergsins eru ljósari og ríkari af útfellingum en neðri hlutinn. Talsvert er af ummynduðu basalti í móbergsbreksíunni. Inn í hana fleigast tvö dökk, ferskleg basaltlög á 440-450 m dýpi og 492-506 m dýpi.

Þunnsneið nr. 7628, 446 m dýpi. Talsvert fersklegt basalt með ofitískan textúr, pyroxen kristallarnir eru áberandi stórir. Nokkuð er um brúnan leir í berginu.

Þunnsneið nr. 7629, 506 m dýpi. Mjög fínulið svarf. Meðalgróft talsvert ummyndað jafnkorna basalt. Talsvert er af holufyllingum.

550-562 m. Fínkornótt, grænleitt basalt.

Þunnsneið nr. 7630, 554 m dýpi. Ekki mjög mikið ummyndað póleít basalt með örfáum stórum plagióklasdílum. Talsvert er af hálfógegnsjum móbergsbreksiubrotkornum.

562-574 m. Fínkornótt basalt.

Þunnsneið nr. 7631, 570 m dýpi. Fínkornótt fersklegt póleít basalt með dreifðum plagióklas og pyroxen dílum. Lítið er um holufyllingar aðallega kalsít og fallega fjaðraður leir.

574-604 m. Á mörkum hvort telja beri þetta basalt eða basaltbreksíu. Neðstu 8 m eru oxaðir.

604-688 m. Gróft berg fremur ljóst, talsvert er af breksíumolum.

Oxað berg er á um 620, 665 og 685 m dýpi.

Þunnsneið nr. 7632, 620 m dýpi. Talsvert ummyndað dólerít, nokkuð er af stórum brúnum ummynduðum glermolum, kaslít og leir eru helstu ummyndunarsteindir.

Þunnsneið nr. 7633, 650 m dýpi. Fersklegt dólerít, sömu ummyndunarsteindir og ofar, einnig er talsvert af fínkristölluðu basalti.

Þunnsneið nr. 7634, 686 m dýpi. Mjög mikið er af ummyndunarsteindum m.a. epidót og ef til vill amfiból.

688-782 m. Ummynduð móbergsbreksía mikið er um hvítar útfellingar og pýrít. Epidót sést í svarfi í þessu bili, ósamfellt þó. Í efstu 20 m lagsins er mikil dreif af dökku fersklegu basalti.

Þunnsneið nr. 7635, 765 m dýpi. Ummynduð móbergsbreksía og holufyllingar.

782-850 m. Mikið er af ummynduðu basalti og einnig er annað eins af móbergsbreksíu. Í neðstu 30 m er mikið af oxuðum bergbrotum.

Þunnsneið nr. 7636, 802 m dýpi. Ummyndað meðalgróft basalt og móbergsbreksía. Helstu ummyndunarsteindir eru epidót, kalsít, kvars, leir og sárafá prenitkorn.

850-982 m. Ljósgræn móbergsbreksía. Mikið er af ljósum útfellingum og er epidót alláberandi ásamt pýríti. Inn í móbergið fleigast tvö rauðleit basaltlög. Efra lagið er á 956-958 m dýpi en það neðra á 968-978 m dýpi.

Þunnsneið nr. 7638, 958 m dýpi. Mjög glerjað basalt eða móbergsbreksía talsvert er af plagióklaslistum. Helstu ummyndunarsteindir eru leir með marglitni, kalsít, epidót, kvars, laumontít, analísím/wairakite og pýrít. Einnig sést fínkornótt ummyndað basalt.

982-994 m. Móbergsbreksía með talsverðu af basalti og pýríti.

994-1004 m. Móbergsbreksía eins og þessi fyrir ofan nema pýrít er ekki mjög áberandi og mikið er af rauðoxuðu bergi.

1004-1010 m. Svarfið lítur út fyrir að vera úr ummynduðu basalti, en samkvæmt þunnsneið af 1010 m dýpi er þetta móbergsbreksía. Þunnsneið nr. 7639, 1010 m dýpi. Ummynduð móbergsbreksía með miklu af holufyllingum. Mjög mikið er af basalti.

1010-1020 m. Ljósleit móbergsbreksía.

1020-1038 m. Jafnmikið er af móbergsbreksíu og basaltbreksíu. Pýrít og epidót sjáanleg. Greint sem basaltbreksía.

1038-1054 m. Mest megnis fínkornótt gráleitt basalt í efri helmingi lagsins, í þeim neðri er grófara basalt líklega tvö lög.

1054-1068 m. Grófkornótt fersklegt berg líklegast gangur. Þunnsneið nr. 7640, 1056 m dýpi. Mjög lítið ummyndað basalt líklega með ofitískan textúr þó erfitt sé að átta sig á því vegna þess að brotkornin eru að mestu úr einstökum frumsteindum.

1068-1094 m. Samskonar berggerðir og á 1038-1054 m dýpi. Efri hluti bilsins er úr grófara basalti en sá neðri, nokkuð er af molum úr móbergsbreksíunni. Stakar útfellingar eru í talsverðu magni svo sem leir, kvars og kalsít.

Þunnsneið nr. 7642, 1084 m dýpi. Ummyndað fínkornótt og meðalgrófkornótt basalt. Mikið er af holufyllingum kvars, kalsít, epidót, laumontít, analísím og örfá korn af preníti og leir.

Ummyndun berggrunnsins.

Bergíð er mikið ummyndað, einkum móbergíð. Á Fnr. 17878 er sýnd dreifing ummyndunarsteinda með dýpi ásamt einfölduðu jarðlagasniði.

Ummyndun fer stigvaxandi með dýpi og má áætla tilsvarendi berghita út frá henni. Dreifing ummyndunarsteinda endurspeglar ummyndunarstig bergsins (sjá t.d. Hrefna Kristmannsdóttir 1978). Steindir bregðast misfljótt við breyttum aðstæðum og má því oft sjá leifar fleiri ummyndunarþrepa frá dreifingu og gerð ummyndunarsteinda.

Epidót og leirsteindir í berginu frá holu 1, Klausturhólum sýna, að berghiti hefur orðið allt að 260°C. Röntgengreiningar á klórítinu benda til að ummyndun þess til jafnvægis við lægri hita sé hafin í því.

Wairakít finnst fyrst á sama dýptarbili og blandlagsleirsteindir verða ráðandi lagsiliköt, en laumontít finnst einnig á sama dýptarbili og er í mun meira magni. Aðrir zeólítar finnast niður á a.m.k. 500 m dýpi.



Dreifing zeólíta annars vegar og lega leirsteindabelta og dreifing epidóts hins vegar sýnir, að ummyndun bergsins hefur átt sér stað í a.m.k. tveim þrepum. Bendir ummyndunarmynstrið til þess að fyrst hafi bergíð orðið fyrir háhitaummyndun og síðar hafi það ummyndast við mun lægri hita ($110^{\circ}\text{C} < T < 180^{\circ}\text{C}$)



Hitamælingar í holunni sýna, að hámarkshiti (botnhiti) er um 164°C. Hitaástand í berginu nú er því í góðu samræmi við það hitastig sem áætlað er fyrir síðara þrep ummyndunar út frá ummyndunarmynstri.

Heimildir:

Hrefna Kristmannsdóttir, 1978: Hydrothermal alteration of basaltic rocks in Icelandic Geothermal areas. Proceedings of the Sixth International Clay Conf., Oxford, 1978, In Press.

ORKUSTOFNUN
 JARFLAGASNID
 Klausturhólar Hala I
 78.07.11 MK/Hi T-53
 Þrá 1 of 2 Grímur 88 F 17275





SKÝRINGAR


- Ferskt basalt
- Ummýndað basalt
- Basaltbreksía
- Dólerít
- Mobergsbreksía
- Ófilgreint set
- Túffkennt set

- R Raudleitt
- G Grænleitt
- E Epidót
- Py Pýrit

ORKUSTOFNUN
 JARÐLAGASNIÐ
 Klausturhólar Höla I
 780711 MK/H/T-53
 Blað 2 af 2 Grimsnes F 17275



Dreifing ummyndunarsteinda, í holu I Klausturhólum



Ósbakki, Skeiðahreppi, Hóla 1.

Borun

Borframkvæmdir hófust 23. nóvember 1977. Holan er fóðruð í 60 m með 219 mm víðu fóðurröri. Síðan var borað með 149 mm krónu niður í botn holunnar sem varð á 566 m dýpi. Þegar holan var 24 m djúp er þess getið í skýrslu bormanna að örlítið hafi runnið upp úr holunni. Dælt var með loftpressu úr holunni 22. janúar 1978 og gaf hún 5 l/s af 46°C heitu vatni. Holan var þökkuð í 446 m.

Jarðlög

28-153 m. Einhvers konar ljóst set samskonar og er efst í holu 1 að Kópvatni. Á 34-39 m dýpi vantar svarf. Á 64-70 m dýpi, 90-99 m dýpi, 120-126 m dýpi og 134-144 m dýpi er samlímingur af dökkum fersklegurum glerkjörnum, sem setið fær dökkan lit af. Í síðast nefnda bilinu er auk þess fínkristölluð basaltbrotkorn.

Þunnsneið nr. 7536, 50 m dýpi. Nær einvörðungu fínkornótt glerríkt set.

Þunnsneið nr. 7537, 68 m dýpi. Nokkuð fersklegt gler og set svipað og í þunnsneiðinni á undan. Alveg dökk ógegnsæ brotkorn og ólivín basalt með tiltölulega fersku ólivín.

Þunnsneið nr. 7538, 126 m dýpi. Að mestu leyti setsamlímingur úr tiltölulega glerjuðum massa. Örfá basaltbrotkorn eru í sneiðinni.

153-159 m. Mjög grófkristallað berg, og ríkt af ólivín dílum.

159-164 m. Alveg dökkt og ferskt basalt eða basalt andesít.

164-188 m. Áberandi dökkt basalt talsvert gróft einkum efst.

188-202 m. Fínkornótt dökkt basalt.

202-218 m. Grófkornótt basalt, sem virðist vera mjög samlímingslegt. Þunnsneið nr. 7539, 214 m dýpi. Nokkuð gróft basalt með fremur breiða plagíoklaslista og stóraproxen kristalla. Ummyndun er talsverð. Einnig eru nokkur korn, sem eru mjög fínkristölluð og mikið til ógegnsæ.

218-228 m. Frekar fínkornótt og fersklegt basalt. Á 220 m dýpi fundust kalsít, kvars, stilbít og sennilega tomsonít.

228-342 m. Mest megnis dökk ummynduð móbergsbreksía með basalt irjum. Lítið er um holufyllingar þá helst kalsít. Frá um 295 m dýpi verður móbergsbreksían mun ferskari og fersklegir glerkjarnar algengir. Ljósar útfellingar má sjá á stöku stað.

Þunnsneið nr. 7540, 282 m dýpi. Langmest er af talsvert ummyndaðri móbergsbreksíu en einnig er fínkornótt þóleít basalt og örfá brotkorn með flóðtextúr.

Þunnsneið nr. 7541, 310 m dýpi. Ummynduð móbergsbreksía svo til engin basaltbrotkorn, en talsvert ber á kalsíti.

Þunnsneið nr. 7542, 336 m dýpi. Meðalgróft basalt, fremur fáir pyroxen kristallar og plagióklaskristallamirerumismunandi að sverleika. Mikið hefur verið af gleri í berginu, hugsanlega einhvers konar bólstrabreksía.



342-370 m. Basalt yfirleitt fínkornótt og dökkt en sums staðar breksíu-kennt. Neðst eru rauðleitir setmolar.

Þunnsneið nr. 7542, 350 m dýpi. Nær eingöngu fersklegt fínkornótt þóleít basalt með einstaka pyroxen díla. Einnig eru brotkorn úr ummyndaðri móbergsbreksíu og nær ógegnsæ brotkorn.

370-566 m. Móbergsbreksía efst er hún ljósbrúnleit, en verður síðan dökk og ívið grænleit. Kalsít, stilbít og sennilega heulandít fundust. Mikið er af ljósum útfellingarkúlum. Á 410-414 m dýpi er fínkornótt, fersklegt basalt.

Þunnsneið nr. 7545, 386 m dýpi. Svo til öll brotkornin eru af basalt uppruna með fínkornóttan nær dökkan grunnmassa. Nokkur brotkorn eru úr ummynduðu holóttu gleri.

Þunnsneið nr. 7540, 394 m dýpi. Í þunnsneiðinni er jafnt af ummyndaðri móbergsbreksíu og fínkornóttu tiltölulega fersklegu basalti þóleíti. Sum basaltbrotkornin eru talsvert oxuð önnur eru með nokkuð ef gleri í grunnmassanum. Ekki er mikið af útfellingum, þá helst kalsít.



ORKUSTOFNUN	
JARÐLAGASNIÐ	
Ósabakki Skeiðum hola I	
MK/AA	78.12.04
	Skeið
	F17876

Birtingaholt, Hrunamannahreppi, hola 1.

Borun

Byrjað var að bora holuna 14/8'72 með Franksbor og var holan 120 m djúp 20/10 er borun var hætt. Vart var við smá leka í 42 m en hann þéttist aftur af sjálfu sér. Wabco tók til við að dýpka holuna 27/7 '73. Holan var fóðruð með 152 mm röri í 117 m og síðan boruð með 143 mm krónu. Í skýrslu bormanna stendur að 4-6 l/s vatnsleki hafi orðið í 479.9 m dýpi. Festa varð í 495.7 m og var steypit í holuna frá 78 m í 143 m. Allt skolvatn tapaðist í 543.3 m ca. 12 l/s og kom ekki að öllu leyti aftur. Borun var hætt þegar holan varð 550 m djúp. Loftdælt var að lokinni borun og fengust 10 l/s upp úr holunni. Hitastig steig nokkuð hratt upp í 53°C.

Jarðlög

0-30 m. Vantar svarf. Slitrótt svarf niður á um 120 m dýpi.

30-40 m. Mikið er af steypubrotkornum. Fínkristallað, dökkt basalt, talsvert af holum bergsins er fyllt af brúnum leir. Erfitt er að sjá bergið vegna steypuryks, sem er utan á því.

40-130 m. Fínkornótt, dökkt, holótt berg, töluvert glerjað. Mikið er af brúnleitum molum sem líkjast móbergsbreksiubrotkornum. Talsvert oxun er frá 54 m dýpi. Telst líklega frekar móbergsbreksía en basaltbreksía.

Þunnsneið nr 7506, 126 m dýpi. Hefur verið mjög glerjað í upphafi. Nú finar plagióklas nálar í svo til dökkum massa. Talsvert er af nokkuð stórum kalsít kristöllum.

130-198 m. Fínkornótt, þétt og blöðrótt fyllt basaltrík móbergsbreksía. Mikið er um gulgrænar fyllingar í blöðrunum. Oxun er víða áberandi. Dreif er af dökku fersklegu gleri um lagið. Jafnvel gæti hér verið einhvers konar bólstrabreksía.

Þunnsneið nr.7507, 180 m dýpi. Samskonar glerjað berg og í þunn-
sneiðinni á undan, nema nú er meira af ummyndunarsteindum svo sem
kalsíti, zeólítum og illaþroskuðum leir.

198-202 m. Rauðoxað millilag.

202-220 m. Litaskipti eru mjög ör, mjög mikið er af stórum stökum
plagióklaskristöllum. Til skiptis eru lögin svört og brún með stórum
plagióklasdílum.

Þunnsneið nr.7508, 214 m dýpi. Hugsanlega hafa plagióklasdílarnir
verið í glermassa, en bergið er að mestu dökkt milli plagióklaslistanna.
Mjög mikið er af stórum plagióklasdílum. Talsvert er af kalsít kristöllum,
einnig er nokkuð af zeólítum.

220-258 m. Aðallega fínkornótt, dökkt basalt, hugsanlega andesít
og basaltbreksía. Á 230 m dýpi er frauðkennt rautt millilag. Svarf
vantar á 240-250 m dýpi.

Þunnsneið nr.7509, 222 m dýpi. Mjög fínkristallað ekki mikið ummyndað
basalt, stórir málmkristallar, allt að því dílar. Plagióklas sýnir ekki
flóðtextúr, líklega er hér basalt andesít.

Þunnsneið nr.7510, 236 m dýpi. Nokkur blöndun en mest áberandi er fín-
kristallað basalt með flóðtextúr, líklega andesít. Stórar kalsít út-
fellingar alláberandi.

258-262 m. Ljósgrænt túffmillilag.

Þunnsneið nr.7511, 262 m dýpi. Ummyndað túffbreksía fyllt, nokkuð er
einnig af berginu fyrir ofan.

262-282 m. Nokkuð dökkt basalt, mikið er af breksiukenndum brotkornum.

284-298 m. Setlegt svarf líkist að nokkru ólivín basalti, neðstu 2 m
eru grófastir. Í efstu m er mikið af stórum plagióklaskristöllum.

Þunnsneið nr.7513, 298 m dýpi. Hefur verið talsvert gróft berg en nú
er allt eytt nema plagióklas og á einstaka stað má sjá pyroxen.

298-304 m. Blanda af basalti og millilagsmolum, greint sem basalt-
breksía.

304-308 m. Mjög líkt og bergið ofar í holunni á 200-220 m dýpi. Plagióklasdílótt basalt, mjög mikið er af stórum plagióklaskristöllum.

308-338 m. Morkið basalt og breksiulegt. Svarfið er að miklu leyti setlegt. Á 312-314 m dýpi og 334-338 m dýpi er basaltið dökkt fersklegt og finkornótt. Á um 325 m dýpi er nokkuð af ljósgrænum millilagsmolum. Mikið er af rauðgulum oxuðum brotum.

Punnisneið nr.7514, 314 m dýpi. Fremur finkristallað basalt mikið er af plagióklas og sýnir hann víða áberandi flóðtextúr. Pyroxen er horfinn, málmurinn er alláberandi.

338-352 m. Breksiulegt berg. Mest er þó af basalti, allmikil blöndun.

352-354 m. Blágrátt basalt mjög líkt og á um 385 m dýpi, oxun má sjá í sumum molunum.

354-370 m. Líklega frekar gróft basalt, sumir molarnir líkjast þó meira seti en basalti. Í basaltinu má sjá pýrit rendur þó ekki í miklu magni. Á 360-364 m dýpi og 368-370 m dýpi eru ljósleit túffkennd setmillilög.

Punnisneið nr.7515, 356 m dýpi. Meðalgróft ummyndað basalt, gæti hugsanlega hafa verið ólivín basalt.

370-384 m. Talsvert breytilegt svarf. Efstu 4 m eru úr talsvert morknu, dökku basalti, þá er bláleitt basalt. Neðstu 6 m eru úr fremur ljósu, grængulu, leirbornu seti.

Punnisneið nr.7516, 372 m dýpi. Talsvert er af túffkenndum brotkornum, en einnig er talsvert af grófkornóttu ummynduðu basalti. Víða sést kalsít og einnig er kvars til staðar.

384-392 m. Áberandi gráblátt basalt á 388-390 m er þó dökkt basalt. Punnisneið nr.7517, 386 m. Erfitt er að átta sig á hvernig bergið hefur upprunalega verið líklega þó mikið glerjað. Nú er eingöngu listastrúktúr með kalsíti og plagióklas. Nokkuð er af grænum leir með kalsítinu, annars er lítið af öðrum útfellingum. Nokkrir túffkenndir molar eru í sneiðinni.

392-406 m. Tiltölulega gróft basalt.

Punnarneið nr. 7518, 394 m dýpi. Nokkuð stórir pyroxen kristallar tiltölulega ferskir með örfínum plagióklasnalum. Auk þessa eru talsvert margar gerðir af basalti. Svolítið er af kvasi og kalsíti. Punnarneið nr. 7519, 406 m dýpi. Nokkuð gróft fersklegt basalti allt að því dólerít. Nokkur brotkorn af ýmsum basaltgerðum.

406-418 m. Að miklum hluta blágrátt basalt en einnig er mikið af setlegum brotkornum.

418-426 m. Dökkt meðalgróft basalt líklega ólivín basalt.

426-430 m. Gulbrúnt talsvert gróft setmillilag.

430-440 m. Blöndum mikil margar gerðir af basalti. Líklega þó ekki basaltbreksía.

440-452 m. Efst er fínkornótt, dökkt, fersklegt basalt, en neðar er bergið ummyndaðra og grófara, hugsanlega ólivín basalt. Punnarneið nr. 7520, 442 m dýpi. Fínkornótt berg að miklu leyti ógegnsett með mjög áberandi flóðtextúr líklega einhvers konar ísúrt berg.

452-464 m. Meðalgóft basalt nokkuð setlegt. Á tæplega 460 m dýpi er bergið mjög grófkornótt gæti þar verið þunn dólerít linsa eða miðjan í hrauninu sé svona gróf. Efst er ljósgrænt túffmillilag og dökkt basalt.

464-470 m. Talsvert blandað svarf. Mest ber á tveimur basaltgerðum meðalgrófkornótt samskonar og fyrir ofan og þétt gráblátt basalt, talsvert leirfyllt.

470-475 m. Ljóst eithilhart berg mjög líklega súrt, einnig er dreif af basalti.

Punnarneið nr. 7521, 474 m dýpi. Nokkrar mjög ólíkar berggerðir. Töluvert grófkornótt og jafnkorna berg, gæti verið dólerít. Brotkorn úr súru bergi í talsverðu magni. Nokkur brotkorn eru úr ummynduðu fínkornóttu þóleít basalti.

475-482 m. Mjög blandað svarf, mjög mismunandi gerðir basalts.
Greint sem basaltbreksía.

482-486 m. Grófkornótt berg.
Þunnsneið nr. 7522, 484 m dýpi. Grófkornótt og jafnkornótt berg líklegast dólerít. Einnig er mikið af fínkornóttu þóleít basalti og svo til ógegnsæjum brotkornum.

486-490 m. Vantar svarf.

490-516 m. Efst er bergið fínkornótt en verður grófara er neðar dregur. Áberandi ljósleitt.
Þunnsneið nr. 7523, 508 m dýpi. Ummýndað grófkornótt basalt sem gæti hafa verið dólerít. Einnig er fínkornótt ummýndað basalt og berg sem hefur verið glerjað í upphafi. Grænn leir kalsít og kvars eru helstu ummyndunarsteindir.

516-518 m. Vantar svarf.

518-528 m. Efst er fersklegt meðalfínkornótt basalt, en neðar er set og breksíulegt basalt.
Þunnsneið nr. 7524, 520 m dýpi. Fínkornótt aðeins ummýndað basalt með reglulega málmkristalla. Pyroxenkristallarnir eru nokkuð stórir og víða má sjá ofitískan textúr. Fínkornótt svo til ógegnsætt basalt og kalsítkristallar.

528-550 m. Fremur ljóst grófkornótt berg, mjög líkt og á 490-514 m dýpi.

Þunnsneið nr. 7525, 532 m dýpi. Nær einyörðungu nokkuð grófkornótt og jafnkornótt talsvert ummýndað basalt. Einnig eru nokkur brotkorn úr fínkornóttu ummýnduðu basalti. Grænn leir og kalsít eru helstu ummyndunarsteindir.

Álag og
krönugærd


Fölging
152mm

187mm


143mm

143mm

Jarðlæg



Borhraði m./kist.



Franks borun lýkur


Wobco borun hefst.

Óndkvæmur borhraði


Álag og
krönugærd



Jarðlæg



Borhraði m./kist.



Botn 550m

SKÝRINGAR

- Ferskt basalt
- Ummynndað basalt
- Basalttrik breksía
- Móbergsgreksía
- Ótilgreint set
- Túffrikt set
- Dólerít
- Vanlar svarf

R Rauðleitt

ORKUSTOFNUN

JARÐLAGASNIÐ
Birtingaholt, Hala 1

78.0713 MK/HIT-250
Hreppar

F 17375

Syóra Langholt, Hrunamannahreppi, Hóla 1.

Borun

Borun holunnar hófst 26. apríl 1976. Holan er fóðruð í 53.5 m með 211 mm víðu fóðurröri. Skolvatn tapaðist í 350 m og var breytilegt til loka borunar. Að lokinni hífingu var vatnsborð í 4 m. Að lokinni borun, þegar holan var 398 m djúp var dælt með loftpressu úr holunni. Vatnsmagn mældist um 12 l/s og hitinn fór upp í 59°C, stengur voru hafðar í 58 m. Borverki var lokið 13. maí, 1976.

Jarðlög

8-10 m. Steypa.

10-18 m. Vantar svarf.

18-20 m. Nokkrar gerðir af basalti fremur fínkornótt og holótt. Sumar holur fóðraðar með blágrænum og gulgrænum leir.

20-28 m. Vantar svarf.

28-30 m. Sams konar svarf og er á 18-20 m dýpi.

30-38 m. Vantar svarf.

38-48 m. Ummyndað, gráleitt, fínkornótt basalt einnig eru hvítmattar strúktúrlausar fyllingar.

48-52 m. Vantar svarf.

52-66 m. Dökkt basalt meðalkornótt, fersklegt, gulgrænum blæ slær á bergið. Líklega er hér ólivín basalt.

66-70 m. Dökkt basalt og blágræn leirvorn.

70-80 m. Talsvert margslags korn mest basalt en einnig af móbergs-uppruna, greint sem basaltbreksía.

80-98 m. Dekkri áferð en í laginu ofan við. Mikið um útfellingar einkum kalsít og pyrítt, einnig kvarz. Líklega mjög sprungin og fyllt móbergsbreksía eða set.

98-122 m. Brúnt mjög leirkennt berg för eftir holufyllingar, móbergsbreksía eða ótilgreint set. Í efstu 6 m lagsins er minna um hvítar holufyllingar.

122-182 m. Talsvert líkt og svarfið í 80-98 m. Mikið er um útfellingar og einnig blágrænleitan leir. Greint sem móbergsbreksía. Á 166-172 m dýpi er brúnt set laust í sér.

182-244 m. Yfirþyrmandi magn af holufyllingum, einnig grænleitar sambreyskjur og pyrítt. Líklega er hér einhverskonar móbergstúff. Á 202 m dýpi verður svarfið dekkra þ.e. meira ber á basaltbrotum.

224-242 m. Efstu 6 m lagsins eru úr brúnleitu seti, en neðar tekur við basaltbreksía að hálfu á móti útfellingum og móbergsbreksíu.

242-272 m. Talsvert af útfellingum. Að mestu leyti eins og lagið neðan við. Mikið af útfellingum og grænleitum leir, einnig eru basaltbríkur inn á milli, basaltbreksía.

272-278 m. Fremur dökkt breksíukennt lag. Basaltbreksía.

242-302 m. Dekkri móbergsbreksía en ofar, mikið er af basaltbríkum inn á milli svo sem á 272-278 m dýpi og 290-302 m dýpi.



302-320 m. Einhvers konar móbergssset brúnt og lint, einnig eru gráleitir basaltmolar. Lítið ber á útfellingarsteindum. Svarfið er grófara efst en verður finna er neðar dregur.

320-356 m. Basaltbrot og móbergsbreksía, mismunandi er hversu mikið er af hverju. Líklega móbergsbreksía. Á 346-350 m dýpi og 352-356 m dýpi er brúnleitt móbergssset.

Alag og krónugerð

- 306 mm
- 242 mm
- 242 mm
- 138 mm

Fóðing
211mm



SKÝRINGAR

- Ummyndað basalt
- Basaltísk breksía
- Móbergs breksía
- Ótilgreint set

ORKUSTOFNUN

JARÐLAGASNIÐ

Syðra-Langholt, Hala I

780712 MK/H T 249

Hraðgar

F 17223

Auðsholt, Biskupstungnahreppi, Hóla 1.

Borun

Borun hófst 16. mars 1978 og lauk 15. apríl. Frá 7,5 m í 143 m var borað með 165 mm loftkrónu. Frá 143 m og í botn á 632 m dýpi var borað með 149 mm krónu. Í lok borunar var holan rýmd í 36.4 m og fóðruð með 219 mm víðu fóðurröri. Örlítið vatn kom í 136 m og á 578-579 m dýpi. Í lokin var dælt úr holunni með loftpressu, mest fékkst 11 l/s með stöngum í 78 m. Hitinn mældist 83°C í 500 m. Sjálfrennsli um kvöldið er dælt var, var 2.5 l/s.

Jarðlög

0-6 m. Vantar svarf.

6-24 m. Dökkt töluvert leirfyllt og laust í sér, basalt.

Þunnsneið nr. 7910, 20 m dýpi. Töluvert ummyndað fínkornótt basalt með áberandi granna plagioklaslista. Bergið hefur verið nokkuð mikið glerjað í upphafi.

24-42 m. Móbergsbreksía með talsverðu af fersklegu gleri og gulhvítum opal.

42-136 m. Móbergssæt, setið er svolítið mismunandi að gerð.

136-328 m. Efst er mikið af fersklegu gleri en neðar verður svarfið setlegra og líkara því sem er ofar í holunni. Á 140 m dýpi finnast kalsít og kabasít.

Þunnsneið nr. 7911, 188 m dýpi. Mjög margslags brotkorn bæði úr basalti, móbergi, setbergi og frumsteinum. Nokkuð örugglega setberg, en ekki svona mikil blöndun.

Þunnsneið nr. 7912, 290 m dýpi. Talsvert er af nokkuð fersklegu þóleít basalti, ógegnsæjum móbergsbrotkornum og útfellingum af líkri stærð.

328-508 m. Í þessu bili skiptast á mjög fínkristölluð sérstaklega ferskleg og þétt basaltlög með basaltríkri breksíu inn á milli.

Þunnsneið nr. 7913, 334 m dýpi. Mjög fínkornótt basalt og ferskt. Plagióklas er oft stefnubeindur en pyroxen er vart greinanlegur vegna smæðar. Mikið er af málm í berginu bæði örsmá korn í grunnmassa og sem dílar.

Þunnsneið nr. 7913, 390 m dýpi. Lítil og frekar of þunn sneið. Móbergsgler nú svart og ógegnsætt víða eru holur þess fylltar zeolítum. Basaltbrotkorn eru einnig til staðar af mismunandi grófleika en frekar fersk.

Þunnsneið nr. 7915, 500 m dýpi. Nær eingöngu svört ógegnsæ móbergsbrotkorn. Einnig er talsvert af basalti af mismunandi grófleika samt með ofitiskan textúr.

508-544 m. Áberandi litadýrð mikið er af rauðum og grænum molum greint sem set. Basalt og móbergsbrotkorn.

Þunnsneið nr. 7916, 520 m dýpi. Mest er af ógegnsæjum brotkornum einnig er basalt, útfellingar og plagióklas molar.

544-550 m. Tiltölulega ferskt móbergsgler.



550-560 m. Að mestu leyti ummyndað gráleitt basalt.

560-612 m. Breksíukennt svarf, talsvert er af rauðoxuðum molum greint sem móbergsbreksía.

Þunnsneið nr. 7917, 590 m dýpi. Ógegnsæ móbergsbreksía víða má sjá plagióklas í ummynduðu gleri. Talsvert er af basaltmolum og útfellingum, einnig er ferskt gler með plagióklas og ólivín dílum í.

612-618 m. Dökkt, fínkornótt basalt nokkuð ferskt.

618-632 m. Að miklu leyti gráleitt basalt greint sem basaltrík breksía.



ORKUSTOFNUN

JARÐLAGASNIÐ
Auðsholt Hala-I

76.09.29 MK/H Biskupstungur F-17710

Kópsvatn, Hrunamannahreppi, Hóla 1

Borun

Byrjað var á holunni 14. október, 1977. Holan var boruð með 261 mm krónu og rýmd í 60 m, og síðan fóðruð með 219 mm fóðurrörum í 60 m. Frá 60 m og í botn holunnar á 625 m dýpi var borað með 149 mm krónu. Reynt var að pakka í lokin á 264 m dýpi en pakkarinn lak öllu vatninu. Aftur var pökkun reynd í 432 m, sem gekk þolanlega. Í lokin var holan hreinsuð því hún reyndist stífluð á nokkrum stöðum. Svólítið skolvatns-
tap kom fram á 178 m dýpi og í 194 m er sagt að holan leki 2 l/s. Bor-
verki lauk 23. nóember.

Jarðlög

18-60 m. Einhvers konar ljóst set, sums staðar má sjá ferska gler-
kjarna og basalt brotkorn.

Þunnsneið nr. 7495, 60 m dýpi. Meðalgróft, tiltölulega jafnkorna basalt. Inn á milli í berginu hefur verið gler en nú er þar illa þroskað smektít víða má sjá leir á jöðrum kornanna.

60-155 m. Nær eingöngu gróft berg ólivín basalt, einnig gæti hluti þess verið dólerít. Talsvert ber á grænum leir. Milli laganna sem eru misfersk, eru af og til rauð oxuð lög.

Þunnsneið nr. 7496, 84 m dýpi. Nær eingöngu gróft tiltölulega ferskt berg með mjög stóra pyroxen kristalla og ofitiskan og subofitiskan textúr. Ólivín þóleít basalt.

Þunnsneið nr. 7497, 142 m dýpi. Talsvert smátt malað svarf og því erfitt að átta sig á textúr bergsins. Grófkristallað með breiða plagióklaskristalla, hugsanlega dólerít.

155-270 m. Svarf einungis tekið á 5 m fresti. Yfirleitt fínkristallað basalt.

Þunnsneið nr. 7498, 234 m dýpi. Frekar fínkornótt, fersklegt basalt með örfáum pyroxen dílum.

270-312 m. Breksíukennt svarf að mestu basalt, hugsanlega þó að einhverju leyti móbergsbreksía, greint sem basaltrík breksía. Svarf einnig í þessu bili tekið á 5 m fresti.

312-360 m. Efri hlutinn er úr ummyndaðri, dökkri móbergsbreksíu en í neðri hlutanum má sjá fersklega glerkjarna.

Þunnsneið nr. 7499, 314 m dýpi. Mest er af næstum ógegnsærri móbergsbreksíu í sumum brotkornunum eru innlyksur af plagióklas og pyroxen. Einnig eru örfá basalt- og dólerítorn.

Þunnsneið nr. 7500, 338 m dýpi. Hálfógegnsæ og ógegnsæ móbergsbreksíubrotkorn. Útfellingar eru einkum kalsít, kvars og parawollastonít. Einnig er talsvert af kornum þar sem plagióklas og pyroxen eru í ummynduðum, líklega glermassa.

360-464 m. Frá og með þessu dýpi er svarf samfellt. Í þessu bili skiptast á fínkornótt, gráleit basaltlög og grófkornótt basalt hraunlög eða dólerít. Grófu lögin eru á 368-388 m dýpi, 410-422 m dýpi og 450-464 m dýpi.

Þunnsneið nr. 7501, 426 m dýpi. Í þunnsneiðinni eru nokkrar gerðir af basalti. Mest er af fínkornóttu basalti með reglulega málmkristalla. Þá er heldur grófara basalt, sem hefur haft glerjaðan grunnmassa að hluta. Grófkornótt berg og útfellingar einkum kalsít.

Þunnsneið nr. 7502, 442 m dýpi. Frekar fínkornótt basalt í því má sjá grófkorna innlyksur, basaltið er talsvert ummyndað, þó ekki mjög mikið. Nokkur ummynduð móbergsbreksíukorn eru í sneiðinni. Kalsít er helsta útfellingarsteindin.



464-586 m. Mest megnis fínkornótt, gráleitt basalt. Víða eru irjur af grófkornóttu bergi samskonar og ofar í holunni, sem ekki er hægt að staðsetja í ákveðin lög.

Þunnsneið nr. 7504, 558 m dýpi. Talsvert of þunn sneið, mest fínkornótt ekki mikið ummyndað leirfyllt basalt.

586-625 m. Á 586-598 m dýpi er fersklegt, dökkt, grófkornótt berg, þar fyrir neðan er blanda af grófkornóttu ummynduðu basalti og fínkornóttu basalti á 619 m eru nokkur oxuð bergbrot.

Þunnsneið nr. 7505, 602 m dýpi. Töluverð blöndun, gróft berg leirfyllt og ummyndað. Einnig er fínkornótt basalt og móbergsbreksíubrotkorn.

Álag og krönguerð



- SKÝRINGAR
- Fersklegt basalt
 - Ummyndað basalt
 - Málbergsbreksía
 - Ótillgreint set
 - Basaltrik breksía
 - Py Pýrít
 - R Rauðleitt

ORKUSTOFNUN
 JARÐLAGASNIÐ
 Kópavafn. Hóla 1
 78.06.02 MK/Á/T 184 Hreppar F 16761

Reykjadalur, Hrunamannahreppi, Hola 1.

Borun

Byrjað var að bora holuna 25. janúar '78. Borað var með 311 mm krónu frá yfirborði í 55 m og holan fóðruð með 273 mm röri. Borað var með 250 mm krónu og rýmra í 24 m og holan fóðruð með 219 mm röri. Þá var holan boruð með 165 mm loftkrónu í 93 m, en þaðan með 149 mm krónu. Leka varð vart í 228 m. Þegar holan var 280 m djúp var dælt með loftpressu úr holunni og gaf hún um 2 l/s. Örlítill leki kom í 429 m og 533 m. Í lokin þegar holan var 631 m djúp var dælt með lofti úr holunni og gaf hún 8-9 l/s af 60°C heitu vatni. Steypt var í kaldar vatnsæðar sem reyndust á 62 m dýpi. Lokið var við holuna 15.3.'78, en síðan farið aftur í hana 15.4.'78 til þess að þétta kaldar vatnsæðar víða um holuna. Í lokin var reynt að þakka holuna í 495 m.

Jarðlög

0-22 m. Vantar svarf.

22-60 m. Áberandi gróft svarf, úr nær eingöngu mjög grófkornóttu leirfylltu basalti, ólivín þóleiti.

Þunnsneið nr. 7918, 44 m dýpi. Mjög gróft ólivín þóleit. Svólítið er af ummynduðu gleri í grunnmassanum þ.e. zeolítum og leirsteindum. Plagióklaskristallarnir eru yfirleitt ver farnir en pyroxenkristallarnir.

60-100 m. Dökkt meðalfínkornótt basalt, nokkur hluti þess er talsvert grófkornóttur, einkum rétt ofan við 100 m. Á víð og dreif um lagið eru brot úr gulleitum opal.

100-104 m. Samskonar basalt og ofar, og einnig grænleitir setmolar með ferskum glerkjörnum.

104-132 m. Dökkt fremur fínkornótt fersklegt basalt. Um lagið er dreif af ryðlituðum linum setbrotum.

132-136 m. Grænleitt leirkennt setlag með talsvert miklu af basaltvölum í.

136-144 m. Dökkt fínkornótt nokkuð fersklegt basalt. Í neðstu 2 m er oxað basalt og örfáir rauðir setmolar.

144-152 m. Fínkornótt þétt grátt og dökkt basalt. Í neðstu 2 m er oxað basalt og rauð millilags brotkorn.

152-162 m. Dökkt fersklegt fínkornótt basalt.

162-170 m. Grænleit túffkennd móbergsbreksía með fersklegum glerkjörnum.

170-185 m. Á mörkunum hvort telja beri þetta basalt eða basaltbreksíu.

185-228 m. Basaltrík breksía talsvert af basaltinu er grófkornótt og laust í sér. Á um 212 m dýpi er bergið rauðoxað. Þar fyrir neðan er fínkornótt basalt algengara.

Þunnsneið nr. 7919, 186 m dýpi. Helmingur svarfsins er úr móbergsbreksíu, en hinn helmingurinn er úr fínkristölluðu basalti. Móbergsbrotin eru flest hver svört og ógegnsæ með plagióklaskristöllum, einnig eru nokkur fersk glerbrotkorn. Fínkristallað aðeins leirfyllt að öðru leyti mjög ferskt basalt. Meðalgrófkornótt basalt svo til ógegnsætt og holótt, nú eru þær hálfylltar af leir.

228-266 m. Í efstu og neðstu 8 m er ákaflega mikið af fersklegum glerkjörnum og ummynduðu grænleitu túffi. Á milli er töluvert mikil dreif af basalti.

Þunnsneið nr. 7920, 244 m dýpi. Nokkrar gerðir af basalti. Fínkristallað fremur fersklegt basalt, þó með nokkru af ummynduðu gleri í grunnmassanum, í sumum brotkornunum eru þyrpingar af stórum pyroxen kristöllum. Grófkornótt talsvert ummyndað basalt, ólívín hefur líklega verið til staðar, þótt merki þess sé ekki að finna. Ummynduð móbergsbreksía með plagióklaskristöllum og ferskleg glerbrotkorn.

266-286 m. Fínkornótt basalt að nokkru leyti þó breksiulegt. Frá 278 m er mikið nokkuð af steypu með berginu.

286-296 m. Talsverð blöndun. Nokkuð grófkornótt basalt og laust í sér.

Þunnsneið nr. 7321, 290 m dýpi. Talsvert grófkornótt basalt með ofitiskan textur, pyroxen kristallarnir eru áberandi stórir. Fínkristallað nokkuð fersklegt leirfyllt basalt. Mikið er af dökkum ógegnsæjum brotkornum.

296-314 m. Ummýndað fínkornótt gráleitt basalt, talsvert er af leir í berginu. Einnig er dreif úr rauðu fínkornóttu setlagi í efstu 10 m lagsins.

314-324 m. Meðalgrófkornótt dökkt basalt pýrít er nokkuð áberandi.

Þunnsneið nr. 7922, 320 m dýpi. Talsvert ummyndað meðalfínkornótt basalt. Plagióklaslistarnir eru langir og grannir og málmurinn er óreglulegur í lögun. Nokkuð er einnig af ógegnsæjum molum.

324-368 m. Gráleitt basalt mjög svipað basalti í öllu bilinu. Talsvert er af breksíukenndum molum.

368-378 m. Töluvert mikið er af ljósum útfellingum, ef til vill er eitthvað af þessu plagioklaskristallar. Gráleitt basalt og breksíukennt berg.

Þunnsneið nr. 7923, 376 m dýpi. Mjög svo margslags svarf. Að mestu leyti mismunandi mikið ummyndað móbergsbreksía. Nokkrar gerðir af basalti m.a. plagióklasdílótt. Útfellingar eru í nokkru magni og einnig setbrot.

378-438 m. Dökkt fínkornótt basalt, talsvert er af pýrítkristöllum. Dreif er af millilagsmolum, þótt ekki sé hægt að afmarka einstök lög.

438-442 m. Mjög grófkornótt basalt.

442-448 m. Dökk basaltbreksía eða set, nokkuð er af ljósum útfellingum.

448-520 m. Breksíukennt svarf talsvert er af móbergsbreksíu molum og basaltbrotum. Einnig er mikið af ljósum útfellingum og pýríti.

520-630 m. Grófkristallað berg engin glögg lagmót er að sjá í þessu þótt þau séu vissulega til staðar.

Þunnsneið nr. 7925, 566 m. dýpi. Nær einvörðungu mjög fersklegt grófkristallað basalt. Einnig er fínkristallað basalt sem hefur verið talsvert glerjað í upphafi.

Þunnsneið nr. 7926, 590 m dýpi. Mikil blöndun. Talsverður hluti er úr ummyndaðri móbergsbreksíu. Meðalfínkornótt basalt með nokkru af stórum pyroxen dílum. Einnig er sams konar grófkristallað basalt. og er í þunnsneiðinni af 566 m dýpi. Ummyndað fínkristallað basalt.

Álag og krónugerð

319mm
219mm
260mm
243mm

108mm

149mm

Álag og krónugerð

Borhræði m./kist.

Dýpi m

340
360
380
400
420
440
460
480
500
520
540
560
580
600
620

Jarðlög



Botn í 631m

Óndkvæmur borhræði

Borhræði m./kist.

0
4
8
12
16
20
24

Dýpi m



SKÝRINGAR

Ummyndað basalt

Basalttrik breksía

Ófilgreint set

Móbergsbreksía

R Raudleitt

G Grænleitt

Py Pýrít

ORKUSTOFNUN
JARDLAGASNIÐ
Reykjadalur, Hóla I
78.04.06MK/HT.157
Hreppar F-16803